

## Fundargerð 7. fundar stjórnar SSA haldinn 13. desember 2024

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 11:15.

**Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru:** Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Puríður Lilly Sigurðardóttir, Eyþór Stefánsson, Þórdís Mjöll Benediktsdóttir og Axel Örn Sveinbjörnsson. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Mætt frá Austurbrú:** Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Urður Gunnarsdóttir (liður 5) og Jón Knútur Ásmundsson sem ritaði fundargerð.

**Gestir:** Bryndís Fiona Ford, verðandi framkvæmdastjóri Austurbrúar og SSA.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð SSA [nr. 6](#) (til kynningar)

#### 2. Skipun í stjórn Hallormsstaðaskóla

- Lagt til að aðalmenn verði Ragnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, og Eyþór Stefánsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi. Varamaður Ragnars verður Puríður Lilly Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, og varamaður Eyþórs verður Berglind Harpa Svavarsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi.

#### 3. Menntaávilnanir heilbrigðisstarfsmanna

- Framkvæmdastjóri greindi frá fundi með forsvarsmönnum HSA og framkvæmdastjórum sveitarfélaganna þriggja, Vopnafjarðar, Múlaþings og Fjarðabyggðar vegna málsins sem snýst í stuttu máli um ívilnanir námslána til bregðast við skorti á heilbrigðisstarfsfólki víða á landsbyggðinni. HSA mun vinna málið áfram með aðkomu sveitarfélaga á seinni stigum.

#### 4. Minnisblað: Kosning í stjórn SSA og boðun varamanna

- Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað sem unnið var á milli funda að beiðni stjórnar. Í því er farið yfir núverandi fyrirkomulag, tillögu laganefundar að breytingum og helstu álitamál. Umræður um tillögurnar, ólíkar útfærslur ræddar en málið verður afgreitt endanlega á aðalfundi SSA í vor.

#### 5. Sóknaráætlun eftir umsagnarferli

- Urður Gunnarsdóttir, verkefnastjóri, fór yfir þær umsagnir sem bárust eftir að áætlunin var sett í samráðsgátt stjórnvalda og kynnti tillögur að breytingum á henni sem stjórn tók afstöðu til. Sóknaráætlun samþykkt af stjórn með breytingum.

Mál til kynningar og umræðu eftir atvikum:

## 6. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- 9 mál í [samráðsgátt](#).

## 7. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SÍS, fundur nr. [956](#), [957](#), [958](#), [959](#).
- SSNV, fundur nr. [115](#).
- SSNE, fundur nr. 67 og 68.
- SSH, fundur [nr. 591 og 592](#).
- SASS, [ársþing – fundargerð](#).

## 8. Önnur mál

- Útvarpsstjóra hefur verið boðið á fund SSA í janúar þar sem rætt verður um hlutverk RÚV á Austurlandi og sýnileika svæðisins í miðlum RÚV. Útvarpsstjóri hefur þegið boðið og lýsti ánægju með frumkvæðið.
- Til tals kom einnig umræða um langvarandi fjárskort lögreglunnar á Austurlandi en þetta mál hefur m.a. verið til umræðu á vettvangi sveitarstjórnar Múlapings. Fulltrúar Múlapings í stjórn veltu því upp hvort, og þá hvernig, SSA gæti beitt sér í málinu. Ákveðið að ræða þetta frekar á næsta fundi. Framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við lögregluna á Austurlandi og skipuleggja fund með henni.

Fundi slitið kl. 12:45.

# Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Eypór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Þórdís Mjöll Benediksdóttir